

Alþingi
Nefndasvið Alþingis,
Nefndasvið@althingi.is

Reykjavík 11. desember 2020

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð, þingskjal 361-231 mál.

Rannís hefur verið umsýsluaðili Tækniþróunarsjóðs frá upphafi. Sjóðurinn hefur eflst mjög að umfangi á undanförunum árum, en leitast er við að aðlaga starf sjóðsins að því umhverfi sem hann þjónar. Stjórn sjóðsins vinnur að nýrri stefnumörkun fyrir árið 2021 til að bregðast við auknu umfangi í fjölda umsókna og fjárveitinga til sjóðsins. Mikil ásókn í stuðning frá sjóðnum ber vitni um öflugt nýsköpunarumhverfi hér á landi, en sýnt hefur verið framá mikilvægi sjóðsins í nýsköpun hér á landi. Áhrifamat var framkvæmt á starfi Tækniþróunarsjóðs sem var birt vorið 2018 og leiddi í ljós að styrkir úr sjóðnum gegndu mikilvægu hlutverki við stofnun og vöxt margra nýsköpunarfyrirtækja sem mörg hver gegna mikilvægu hlutverki í íslensku atvinnulífi. Í skýrslunni segir m. a: Styrkirnir stuðla að áþreifanlegum auði í formi þekkingar, sjálfbærni í nýsköpun, fjölgun starfa til skemmri og lengri tíma, aukins útflutnings, eflingar tengslanets, bæði innan lands og erlendis, auk bætts aðgengis að fjármagni annars staðar frá, bæði innlendu og erlendu. Þessir þættir stuðla að bættri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og rannsóknarstofnana.¹

Samkeppnissjóðir sem styðja vísindi og nýsköpun geta verið ólíkir, t.d. sjóðir sem eru opnir og kalla eftir umsóknum á öllum sviðum (bottom up) (Rannsóknarsjóður, Tækniþróunarsjóður, Innviðasjóður) og hins vegar sjóðir eða áætlanir sem eru bundnir ákveðnum fagsviðum, tímabundið eða um óákveðinn tíma. Til dæmis er þessa dagana unnið að mati á umsóknum um samfélagslegar áskoranir á vegum Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Tækniþróunarsjóður er opinn samkeppnissjóður, þar sem áhersla er á þróunarstarf og rannsóknir sem miðar að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Úthlutunarferlið með fagráði og stjórn leggur áherslu á að velja þau verkefni sem best uppfylla markmið laganna.

Sjóðurinn hefur á 10 árum vaxið frá því að vera um 1 ma. kr. í rúmlega 2,5 ma. kr. í lok áratugarins, en til úthlutunar á árinu 2020 voru um 3 ma. kr. (verðlag 2020). Ánægjulegt er að sjá að í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2021 er gert ráð fyrir rúmum 3,6 ma. kr. og í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir 3,5 ma. kr. 2022 og 2023. Fjöldi umsókna hefur aukist mjög mikið á undanförunum árum, á árinu 2019 bárust 630 umsóknir og á árinu 2020 828 umsóknir. Árangurshlutfall, þ.e. þeir sem fá stuðning af þeim sem sækja var 12% af fjöldanum og 14% ef litið er til upphæða á árinu 2019. Á árinu 2020 voru hlutföllin 15% af fjölda og 13% af fjármagninu, þrátt fyrir 700 m. kr. sérstakt framlag tengt Covid.

Í frumvarpinu er skerpt á heimildum sjóðsins til að taka þátt í samstarfi við erlenda sjóði. Um er að ræða mikilvægan þátt í starfi sjóðsins, sem skilað hefur góðum árangri á umliðnum árum og leggur

¹ Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs 2009-2013, maí 2018.

<https://www.rannis.is/media/taekniþrounarsjodur/ahrifamat-nytt-vidauki-low.pdf>

áherslu á mikilvægi þess að íslenskt nýsköpunarumhverfi er hluti af alþjóðlegu umhverfi og samstarfið stuðlar að bættir samkeppnisstöðu Íslands.

Fyrir liggur að endurskoða lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs og þar með samhengi við samkeppnissjóðina, en ráðið gegnir með stefnumarkandi hlutverki. Tekið er undir mikilvægi þess að setja sérlög um Tækniþróunarsjóð.

Virðingarfyllt

Hallgrímur Jónasson,
forstöðumaður Rannís